

Nd.

## 351. Frumvarp til laga

[185. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Ellert B. Schram, Lárus Jónsson, Matthias Bjarnason,  
Ragnhildur Helgadóttir.

### 1. gr.

Aftan við 25. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skýlt er samsölustjórn að heimila matvöruverzlunum, sem um það sækja, sölu og dreifingu framangreindrar mjólkurvöru, enda sé þeim almennum skilyrðum fullnægt, sem samsölustjórn ákveður um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru í viðkomandi verzlun. Þau skilyrði skulu ákveðin með reglugerð. Samþykki hlutaðeigandi heilbrigðisyrvalda skal liggja fyrir.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

### Greinargerð.

Eitt af einkennum neyzluþjóðfélagsins er bætt og aukin þjónusta á velflestum sviðum verzlunar og viðskipta. Framleiðendur kappkosta að koma vöru sinni sem fyrst á framfæri, og neytendur gera kröfu til, að sífelld verði auðveldara að nálgast vöruna.

Almennt er talið, að með frjálsari markaði og vaxandi samkeppni skapist fullkonnari þjónusta og aukin neyzla. Svo hefur reynslan orðið hér á landi, og sett hafa verið á fót dreifingarkerfi og reistar hafa verið nýttizku verzlunar, sem hvort tveggja stuðlar að fullkonnari þjónustu.

Eðlilegt er, að þjónustan sé mest og bezt, þegar um er að ræða hinar svokölluðu nauðsynjavörur, þ. á m. mjólkurvörur.

Samt sem áður bregður svo við, að einmitt hvað snertir sölu og dreifingu á þessum vörum gætir enn sjónarmiða, sem eru í engu samræmi við þá þróun, sem að öðru leyti hefur átt sér stað á sviði verzlunar og viðskipta.

Sala og dreifing mjólkurvara er í höndum framleiðenda sjálfra, sem í sjálfu sér er ekki gagnrýnisatriði, en í skjóli þeirrar yfirstjórnar hefur gætt viðhorfa, sem að áliti flutningsmanna þjóna hvorki hagsmunum framleiðenda né neytenda.

Því er jafnvel haldið fram, að þar þróist einokun og mismunur. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir og erindi fjölmargra verzlana og annarra aðila hefur yfirstjórn mjólkurdreifingarinnar sýnt verulega tregðu í að heimila verzlunum, sem búnar eru fullkonnasta aðbúnaði, sölu á þessum vörutegundum.

Í stað þess eru reistar með ærnum tilkostnaði mjólkurbúðir, jafnvel við hlið nýttizku matvöruverzlana, og algengt er, að úti á landsbyggðinni sé mjólkursala leyfð í einni verzlun, en ekki annarri, þótt á því sé engin skynsamleg skýring. Allir mega sjá þann aðstöðumun, sem með þessu skapast, hvað þá það óhagræði, sem það er fyrir viðskiptavinum verzlana að fá ekki keyptar slíkar daglegar nauðsynjar.

Það, sem hlýtur að vera aðalatriði í þessu máli eins og í öðrum viðskiptum, eru þarfir hins almenna borgara og trygging viðskiptalegs jafnréttis. Þau sjónarmið hafa því miður ekki verið ráðandi, eins og að framan er greint.

Skiljanlegt er, að framleiðsluráð og samsölustjórnin vilji tryggja hagsmuni umbjóðenda sinna, framleiðendanna, en það er skoðun flutningsmanna, að afstaða þessara aðila hafi einmitt brotið gegn hagsmunum bænda með því að synja matvöruverzlunum um heimild til mjólkursölu.

Í því sambandi hefur verið bent á, að:

1. bændur geti losnað við óþarfa fjárfestingu, sem nemur tugum milljóna, ef horfið yrði frá þeirri almennu stefnu að reisa sérstakar mjólkurverzlanir, jafnvel við hlið annarra verzlana;
2. neytendur ættu auðveldara með að nálgast mjólkurvörur, þegar þær væru seldar ásamt með öðrum matvörum, og auknir möguleikar mundu skapast til heimsendingar mjólkur, en hvort tveggja gæti vafalaust leitt til aukinnar sölu og neyzlu mjólkurvara;
3. heildardreifingarkostnaður á mjólk mundi að öllum líkindum lækka, og er þá höfð hliðsjón af þróun slíkra mála m. a. í Danmörku;
4. eytt yrði því viðskiptalega misrétti, sem þróast í skjóli nágildandi fyrirkomulags og stjórnunar, og mundi það forða óþarfa tortryggni og árekstrum.

Með þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir, að mjólkursala verði gefin fullkomlega frjáls. Eins og að framan er greint, er fallið á það sjónarmið, að samsölustjórn vilji hafa hönd í bagga með sölu og dreifingu mjólkur, og þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir, að yfirstjórnin hverfi úr höndum samsölustjórna.

Ekki er heldur lokað fyrir það skotið, að reknar séu áfram sjálfstæðar mjólkurverzlanir, og raunar verður það að teljast sjálfsagt út frá sjónarmiði framleiðenda.

Hér er einungis lagt til, að þeim verzlunum, sem um það sækja og fullnægja almennum kröfum heilbrigðisyfirvalda og yfirstjórnar mjólkursölnunnar, verði heimilað að selja og dreifa mjólkurvörum.

Það er skoðun flutningsmanna, að með framgangi þessa máls sé verið að gæta hagsmuna jafnt framleiðenda sem neytenda.